

2

8. gr.

2. jan. Tryggingarskylda nær ekki fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, til þeirra, sem vinna að hreppavegum eða sýsluvegum. Tryggingarskylda fylgir ekki heldur neinni algengri sveitavinnu.

Að fengnum tillögum stjórnar Slysatryggingarinnar, getur atvinnu-
málaráðuneytið undanþegið tryggingarskyldu smáfelda starfsemi, sjerstaklega utan kaupstaða og kauptúna, eftir því sem tilefni gefst til, og verða slíkar ákvarðanir birtar á sama hátt og reglugjörðir.

9. gr.

Stjórn Slysatryggingarinnar setur, eftir því sem þurfa þykir, nánari reglur um framkvæmd og fyrirkomulag tryggingarinnar og skal það tilkynt umboðsmönnum Slysatryggingarinnar (skráningarstjórum og lögreglustjórum) með umburðarbrjefi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. jan. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

fyrir

3
2. jan.

áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar.

Áhættuflokkun.

Frá 1. janúar 1926 ákveðast iðgjöld fyrir slysatryggingar samkvæmt lögum nr. 44, 27. júní 1925, þannig:

1. áhættuflokkur	6 aur. um vikuna
2. ———	10 — — —
3. ———	20 — — —
4. ———	40 — — —
5. ———	80 — — —
6. ———	90 — — —
7. ———	120 — — —

Vikan legst til grundvallar fyrir iðgjaldagreiðslunni, enda þótt kaupíð sje miðað við ár, mánuð, dag eða klukkustund. Ef kaupíð er tímakaup eða dagkaup, reiknast 60 klukkustundir eða 6 dagar sem ein vika. Árið reiknast sem 50 vikur, en mánuður $\frac{1}{12}$ úr ári. Telja má saman tíma allra þeirra, sem trygðir eru í einu, en brot úr viku, sem þá verður afgang, telst sem heil vika.

IÐGJALDASKRÁ.

1. *Sjómannatryggingin.*

	Áhættu- flokkur	Vikugjald fyrir manninn.
Gufuskip	5	80 aur.
Seglskip	6	90 —
Mótorskip yfir 12 lestir	7	120 —

	Áhættu- flokkur.	Vikugjald fyrir manninn.	3 2. jan.
Mótorskip undir 12 lestir	7	120 aur.	
Róðrabátar	5	80 —	

2. Iðntryggingin.

Ferminng og afferminng o. fl.

Uppskipun og útskipun á bátum og prömmum	5	80 aur.	
Uppskipun og útskipun við bryggju og vöruflutning- ar á landi	4	40 —	

Matvælaíðnaður.

Fiskverkun og fiskimat, síldarkverkun og sóltun ..	3	20 aur.	
Brauðgerð og kökugerð	2	10 —	
Brjóstsýkur-, súkkulaði- og konfektgerð	1	6 —	
Slátrun, reyking og niðursuða	3	20 —	
Smjörlíkisgerð	3	20 —	
Gosdrykkjagerð og ölgerð	3	20 —	
Íshússtörf og ísvinna	4	40 —	

Vefjariðnaður.

Klæða- og ullarverksmiðjur	3	20 aur.	
Prjónastofur	1	6 —	
Seglasaum	2	10 —	
Netjagerð	2	10 —	

Fataíðnaður.

Saumastofur	1	6 aur.	
Skósmíðar	1	6 —	
Þvottahús og línstofur	4	40 —	
Fatalitun	2	20 —	

Byggingastörf, húsgagnasmíðar o. fl.

Grjótvinna, jarðvinna og sandtaka	4	40 aur.	
Húsabyggingar (í einu lagi)	4	40 —	
Múrvinna	4	40 —	
Steinhögg	4	40 —	
Steinsteypa (steinn og pípur)	4	40 —	
Skipa- og bátasmíðar og viðgerðir	4	40 —	
Trjesmíðar	4	40 —	
Húsgagnasmíðar	4	40 —	

3
2. jan.

	Áhættu- flokkur.	Vikugjald fyrir manninn.
Húsgagnafóðrun	2	10 aur.
Söðlasmíðar	1	6 —
Sútun	2	10 —
Málarastörf	4	40 —
Beykjastörf	4	40 —
Gas og vatnsinnlagning, uppsetning á hitaleiðslum og skólppípum	3	20 —
Sóthreinsun	4	40 —
Símaviðgerðir og lagning síma	4	40 —
Hafnargerð	4	40 —
Vitabyggingar	4	40 —
Vatnsvirkjun	4	40 —
Vegagerð	4	40 —
Brúagerð	5	80 —

Málsmíðar.

Gull- og silfursmíðar	1	6 aur.
Blikksmíðar	4	40 —
Járnsmíðar	3	20 —
Járnsteypa og vjelasmíðjur	4	40 —
Bifreiðaverkstæði	4	40 —
Reiðhjólaverkstæði	3	20 —
Úrsmíðar	1	6 —
Rafmagnslagning	3	20 —

Tekniskur og kemiskur iðnaður.

Gasgerð	3	20 aur.
Acetylgasgerð	4	40 —
Rafmagnsframleiðsla og rafmagnslínulagning	4	40 —
Sápugerð	3	20 —
Gúmmíiðnaður	2	10 —
Lýsisbræðsla	4	40 —
Síldarbræðsla og vinsla úr fiskúrgangi	5	80 —

Bóka- og listaiðnaður.

Prentið	1	6 aur.
Bókband	1	6 —
Ljósmyndagerð	1	6 —

	Áhættu- flokkur.	Vikugjald fyrir manninn.	3 2. jan.
Skrifstofustörf.			
Skrifstofustörf við tryggingarskyld fyrirtæki, þar sem skrifstofufólkið fæst eingöngu við skrifstofustörf og því er ekki sjálft tryggingarskyldt	1	6 aur.	
Opinberstörf.			
Lögregluþjónustörf og tollþjónustörf	4	40 aur.	
Slökkviliðsstörf	5	80 —	
Vitastörf	4	40 —	
Hafnsögumenska	5	80 —	
Landpóstastörf	5	80 —	
Bæjarpóstastörf og brjefbera	3	20 —	

Þeim atvinnugreinum, sem hjer eru ekki nefndar en stundaðar kunna að vera hjer á landi eða upp kunna að koma síðar, heimilast Slysatryggingunni að skipa til bráðabirgða í einhverja þeirra áhættuflokka, sem nefndir hafa verið hjer að framan.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. jan. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir

notkun rafmagns í Vík í Mýrdal.

4
8. jan.

1. gr.

Rafmagn skal selt eftir mælingu á 50 auru hver kilóvattstund, en þó má hækka og lækka taxa þenna um allt að 30% eftir því hvernig hagur stöðvarinnar er.

2. gr.

Verð á rafmagni til línstrokjárna, suðu, hitunar, vjelareksturs og ljósa utan hins ákveðna ljóstíma, ákveður rafmagnsnefndin, verði á annað borð nokkurt rafmagn selt til slíkrar notkunar.